

73

24. nóv.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 16. nóvember 1960 var undirritaður í Prag nýr viðskiptasamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Gildistími samningsins er frá 1. september 1960 til 31. ágúst 1963, en vörulistar sem jafnframt var samið um gilda í 1 ár.

Jafnframt var undirritaður nýr greiðslusamningur milli landanna sem gildir til 31. ágúst 1961, en framlengist sjálfkrafa um 1 ár, ef honum er ekki sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 24. nóvember 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

74

3. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 26 24. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr. laganna breytist svo, að í stað töluröðsins „55000“ komi: 65000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. desember 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

75

13. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1961 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum